

Verkfræðistofan Hnit hf
Ófeigur Örn Ófeigsson
Háaleitisbraut 58-60
108 Reykjavík

2006110098
2000; 9310

Reykjavík, 5. janúar 2007
/--

Efni: Reykjanesbraut-Gatnamót við Stapahverfi í Reykjanesbæ. Ákvörðun um matskyldu.

Vísað er til erindis Hnits, verkfræðistofu, f.h. Vegagerðarinnar, dags. 4. desember 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð mislægra gatnamóta á Reykjanesbraut við Stapahverfi í Reykjanesbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjanesbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Reykjanesbæ með bréfi dags. 14. desember 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 20. desember 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 20. desember 2006. Umsögn barst ekki frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd.

Skipulagsstofnun kvað upp úrskurð þann 26. febrúar 2002 um breikkun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði til Njarðvíkur. Ekki var gert ráð fyrir mislægum gatnamótum á því svæði sem Vegagerðin fyrirhugar nú slík gatnamót. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að vegna hugmynda um uppbyggingu nýrra hverfa í Reykjanesbæ beggja vegna Reykjanesbrautar sé áformuð gerð mislægra gatnamóta við Reykjanesbraut um 500 m austar en ráðgert hafi verði í mati á umhverfisáhrifum vegna breikkunar Reykjanesbrautar en þá hafi verið gert ráð fyrir mislægum gatnamótum á Reykjanesbraut við Seylubraut. Fram kemur að gert sé ráð fyrir sams konar gatnamótum og þeim sem nú séu á Reykjanesbraut, þ.e. tígulgatnamótum með þvervegi undir Reykjanesbraut og hringtorgum beggja vegna brautarinnar. Tvær brýr verði á Reykjanesbraut, ein á hvorri akbraut. Hönnunarhraði og skiltaður hraði Reykjanesbrautar verði óbreyttur frá því sem nú er þ.e. 100 og 90 km/klst. Hönnunarhraði rampa verði 40/60 km/klst, en skiltaður hraði 50 km/klst. Svæði sem fari undir gatnamótin verði í heild um 80.000 m² að

flatarmáli, en þar af séu 30.000 m² innan veghelgunarsvæðis Reykjanesbrautar. Fram kemur að ekki sé fyrirhuguð efnistaka vegna gatnamótanna, heldur verði það efni nýtt sem til falli við framkvæmdina, en gert sé ráð fyrir að um 2.000 m³ af umframefni sem verði komið fyrir í skeringum eða við landmótun. Fram kemur það mat framkvæmdaraðila að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á umhverfið verði hverfandi umfram þau áhrif sem tvöföldun Reykjanesbrautar hefur á þessum kafla.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Reykjanesbæjar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fornleifavernd ríkisins bendir á að engar fornleifar séu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en ef fornleifar finnast við fyrirhugaðar framkvæmdir skuli stöðva þær uns fengin sé ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda áfram. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé að jökulsorfnu grágrytishrauni og einkennandi gróður sé gras- og lyngmóar innan um óróin moldarflög. Þá sé fuglalíf fábreytt.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á staðsetningu mislægra gatnamóta á Reykjanesbraut við Stapahverfi í Reykjanesbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrirhugaðar framkvæmdir tengjast framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar og mun rask mislægra gatnamóta taka til umfangslítils svæðis miðað við það svæði sem raskast við breikkun Reykjanesbrautar á svæðinu. Fyrir liggur að gróður, sem mun raskast við gerð gatnamótanna, hefur ekki sérstöðu, fuglalíf er fábreytt, nútímahrauni verður ekki raskað og engar fornleifar eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis gatnamótanna. Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa óveruleg áhrif á fyrrnefnda umhverfisþætti.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð mislægra gatnamóta á Reykjanesbraut við Stapahverfi í Reykjanesbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við gildandi Aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995-2015, sbr. breytingu á því sem staðfest var þann 4. desember 2006. Bæjarstjórn getur því veitt framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda á grundvelli þess.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. febrúar 2006.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Reykjanesbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Umhverfisstofnun

